



Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 7. árgangur, 25. maí 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólaslit vorið 2014 verða fimmtudaginn 5. júní sem hér segir:

Nemendur í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk mæti á sal skólans kl. 13:00.

Nemendur í 2., 4., 6. og 8. bekk mæti á sal skólans kl. 14:30.

Skólustjóri flytur stutt ávarp og að því búnu hitta nemendur umsjónarkennara, taka við vitnisburði og fara í gegnum námsmöppur með forráðamönnum sínum.

Forráðamenn eru því beðnir um að mæta á skólaslitin með börnum sínum.

Nemendur í 10. bekk mæta kl. 17:00 þar sem verður útskriftarathöfn 10. bekkjar. Foreldrar mæta að sjálfsgöðu með en aðrir fjölskyldumeðlimir eru einnig velkomnir.



Kæra skólasamfélag

Hér er á ferðinni síðasta fréttabréf skólaársins og geymir það m.a. upplýsingar um síðustu skóladagana hjá okkur í vor, starfsmannamál, skipan í kennsluteymi o.fl.

Þó skólinn sé ungur að árum er farin að myndast nokkur hefð fyrir skipulagi síðustu daga skólaársins. Þar er um að ræða viðburði eins og vorhátíðina sem við höldum í samstarfi við hverfisnefnd Naustahverfis. Unicef hreyfistundina þar sem krakkarnir hreyfa sig og safna um leið peningaaheimtum til góðra verka. Vorþemadagarnir eru á sínum stað og síðasta kennsludag skólaársins helgum við "nýjum námshópum" en þá hittast þeir árgangar sem munu verða saman á næsta ári og deginum er varið í ýmskonar hópefli. Skólaslitin verða reyndar með örlítið breyttu sniði hjá okkur núna en þar gerum við ráð fyrir að foreldrar mæti með börnum sínum og fari yfir námsmöppurnar með þeim. Um leið og við þökkum fyrir veturinn og kveðjum þá sem útskrifast og halda á braut bjóðum við nýja nemendur og nýtt starfsfólk velkomið til starfa og væntum mikils af samstarfinu í framtíðinni. Við sjáumst hress í haust eftir dásamlegt líf í sumar auðvitað!

Kærar kveðjur, Ágúst Jakobsson, skólustjóri

Vorhátíð Naustahverfis 2014

Haldin miðvikudaginn 28. maí

Hátíðin hefst kl. 16:15 í Naustaborgum

Dagskrá í Naustaborgum

kl. 16:15-18:00

- Andlitsmálning
- Hoppukastali
- Þrautabraut
- Stultur, kastveggur o.fl.
- Trúðar
- Kubb, boccia o.fl.
- Leikir
- Grillaðar pylsur - ókeypis :)
- Ótrúlega gott veður !!



Allir velkomnir!!

Opið hús í Naustaskóla frá kl. 17:30

- **Kaffihús á neðri hæð skólans**
- O Kaffi / safi / mjólk og vöffur
- O Fullorðnir / unglingar 500 kr.
- O 6-12 ára 300 kr.
- Tombóla – 100 kr. miðinn
- Spákona
- Draugahús
- Hoppukastali

Ball fyrir nemendur í 4.-7. bekk kl. 19:00-21:00. Aðgangseyrir 500 kr.

25.	26. Hakka, spaghetti og paprika. Ávextir. Vorskóli hjá verðandi l.b. kl. 17:00-18:30	27. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og smjör. Ávextir. Opið hús 8.-10.b. 19:30-21:30	28. Grísnitsel, steiktur kartöflur, salat og brún sósa. Salatbar. VORHÁTÍÐ	29. Uppstigningardagur FRÍ	30. Blómkálssúpa og heimabakað brauð. Salatbar. Unicef - hreyfingin	31.
1. júní	2. Vorþema 2,3,6,7,10 við skóla 1,4,5,8,9 í Kjarnask. Skóla lýkur kl. 13:00	3. Vorþema 1,4,5,8,9 við skóla 2,3,6,7,10 í Kjarnask. Skóla lýkur kl. 13:00	4. Dagur nýrra námshópa. Skóla lýkur að loknum mat kl. 12:00	5. Skólaslit Kl. 13:00 hjá 1,3,5,7,9 Kl. 14:30 hjá 2,4,6,8b Kl. 17:00 hjá 10.b.	6. Starfsdagur	7.

Kennsluteymi næsta vetrar:

1. bekkur: Guðrún Inga (umsj.k), Gréta Björk (umsj.k), Aðalheiður (iðjubj.) og Birgitta (stuðn.fltr.)

2.-3. bekkur: Berglind (umsj.k), Lilja (umsj.k), Kristín (umsj.k), Björn Benedikt (umsj.k), Stefán (umsj.k), Ingibjörg Jóna (stoðkennari) og Harpa Mjöll (stuðn.fltr.)

4.-5. bekkur: Sigríður Jóna (umsj.k), Svala (umsj.k), Þóra Ýr (umsj.k), Hafdís (þroskaþj.), Ingibjörg (stuðn.fltr.), NN-óráðið (stuðn.fltr.)

6.-7. bekkur: Andri (umsj.k), Kolbrún (umsj.k), Særún (umsj.k), NN-óráðið (þroskaþjálfari), Guðrún (stuðn.fltr.), NN-óráðið (stuðn.fltr.)

8.-10. bekkur: Atli (umsj.k), Ása Katrín (umsj.k), Magnús (umsj.k), Herdís (umsj.k), Árni Hrólfur (stoðkennari), Agnes (stuðn.fltr.)

List- og verkgreinar: Brynja (tónmennt/sviðslistir), Dögg (smíðar), Gyða (heimilisfræði), Halla (myndmennt), Valdís (textímennt), Þórunn (íþróttir, Þórey (íþróttir, Þorsteinn (íþróttir)

Skipting umsónarkennara á árganga verður eins og sést hér að ofan. Við röðum nemendum hins vegar ekki niður á umsónarkennara fyrir en í ágústmánuði.

Starfsmannamál

Nú hefur verið ráðinn nýr deildarstjóri að skólanum en það er Aðalheiður Skúladóttir sem hefur gegnt starfi námsráðgjafa hjá okkur undanfarin ár. Um er að ræða nýja stöðu við skólann og verða stjórnendur því orðnir þrír frá og með haustinu.

Þá hefur verið gengið frá ráðningum nokkurra kennara fyrir haustið. Þau Brynja (tónmennt), Guðrún Inga (2.-3.b), Kristín (2.-3.b), Þórunn (íþróttir) og Þorsteinn (íþróttir) hafa hingað til verið lausráðin við skólann en hafa nú verið fastraráðin. Þá bætast við kennararnir Gréta Björk Halldórsdóttir, Björn Benedikt Benediktsson, Stefán Guðnason, Særún Magnúsdóttir og Árni Hrólfur Helgason. Hér til hliðar má sjá hvernig kennsluteymin verða skipuð hjá okkur næsta vetur.

Þeir starfsmenn sem eru að hætta hjá okkur eru Þóra (kennari í 1.b.), Hulda Berglind (smíðakennari), Berglind Elly (stundakennsla/ritarastörf), Guðrún Kristín (stuðningsfulltrúi 4.-5.b) og Gunnar (skólaliði). Þá mun Sunna (kennari í 2.-3.b.) fara í fæðingarorlof og Halla (kennari í 2.-3.b) mun taka sér leyfi næsta skólaár.

Nú eru í auglýsingu störf námsráðgjafa, þroskaþjálfara, skólaliða og stuðningsfulltrúa og rennur umsóknarfrestur út þann 3. júní.

Um leið og við bjóðum nýtt fólk velkomið í hópinn kveðjum við þá sem fara og þökkum þeim fyrir gott samstarf og vel unnin störf!

Viðurkenningar skólanefndar

Þriðjudaginn 13. maí sl. boðaði skólanefnd Akureyrarbæjar til samkomu í Menningarhúsinu Hofi, þar sem nemendum, kennurum og starfsmönnum við skóla Akureyrarbæjar voru veittar viðurkenningar fyrir að hafa skarað fram úr á einhvern hátt. Þetta er í fimmta sinn sem skólanefnd stendur fyrir samkomu sem þessari en hún er í samræmi við áherslur í skólafélagi Akureyrarbæjar. Óskað var eftir tilnefningum um nemendur og starfsmenn eða verkefni sem talin voru hafa skarað fram úr í skólastarfi.

Nemandi Naustaskóla sem fékk viðurkenningu að þessu sinni var Brynjólfur Skúlason 7. bekk sem hlaut verðskuldaða viðurkenningu fyrir virkni í félagsstarfi, frumkvæði, listsköpun og tjáningu. Til hamingju!



Um námsmat

Á skólaslitum fá nemendur afhent námsmat fyrir skólaárið. Þar er um mismunandi útfærslu að ræða eftir árgöngum en 10. bekkur fær nokkuð "hefðbundið" námsmat í bóklegum greinum, í tölustöfum á kvarðanum 1-10. Nemendur annarra árganga fá hins vegar námsmat með nýju sniði en þar er um að ræða yfirlit yfir stöðu nemandans miðað við þau námsmarkmið sem fengist hefur verið við, ásamt umsögn umsónarkennara. Við minnum hins vegar á að vegar á að enn meiri upplýsingar má síðan nálgast í gegnum fjölskylduvef mentor, t.d. upplýsingar um ástundun, útkomu úr ýmsum prófum, lestrarhraða o.fl. en þetta má finna í verkefnabók nemenda á vefnum. Þá safnast fjöldi matsverkefna og upplýsinga saman í matsmöppur nemenda sem gott er að rýna í og skoða með nemendum sjálfum til að glöggva sig á stöðunni og setja ný viðmið fyrir framtíðina. Í raun má segja að í nútíma skóla sé námsmat orðið svo fjölbreytt að útilokað sé að gera því fullnægjandi skil á einu stöðluðu vitnisburðablaði og við erum því að nýta nokkrar leiðir til að koma upplýsingunum á framfæri. Við biðjum foreldra um að fylgja nemendum á skólaslitin því að þar verður boðið upp á möppuskoðun en þar gefst einnig tækifæri til að hitta umsónarkennara og spyrja út í eða ræða hvaðeina sem foreldrum eða nemendum liggur á hjarta. Á skólaslitum mæta nemendur í fyrsta, þriðja, fimmta, sjöunda og níunda bekk kl. 13:00 en nemendur í öðrum, fjórða, sjötta og áttunda bekk kl. 14:30 og gera má ráð fyrir að skólaslitin taki um eina til eina og hálfu klukkustund hjá hvorum hópi.

Innkaup námsgagna

Skólinn mun sem fyrr annast innkaup á öllum námsgögnum fyrir nemendur fyrir haustið, nema því sem tilheyrir pennaveskjum nemenda í 4.-10. bekk. Við birtum nánari upplýsingar um þetta á heimasíðu skólans í sumar og í haust verður svo rukkað inn gjald fyrir námsgögnin. Líklegt er að gjaldið liggja nálægt 4500 kr. en það liggur ekki endanlega fyrir fyrir en tilboða hefur verið aflað..



Skóladagatal 2014 - 2015

Naustaskóli
Við Hólmatún
600 Akureyri

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Fulveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M	1 F Venkalyðisdagurinn	1 M
2 L	2 Þ Skólaféminamskeið	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M Opn vika	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ Vorpemadagur
3 S	3 M	3 F Starfsdagur / Haustþing	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M
4 M Fridagur verslunarmanna	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Dagur nýrra námshopa
5 Þ	5 F	6 S	5 M	5 F	5 M Starfsdagur	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ	5 F Skólasit
6 M	6 L	6 M Vítalsdagur	6 F	6 L	6 Þ brettandinn	6 F Dagur íeiskó olans Dagur stærðfræðinnar	6 F	6 M Annar dagur páska	6 M	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F Rugludagur	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F Endurmenntun kennara	8 M Dagur læsis	8 M	8 L Baráttudagur gegn einelli	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M Starfsdagur
9 L	9 Þ Morgunundir foreldra	9 F	9 S	9 Þ	9 F Rafmagnslaus morgunn	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ Starfsdagur
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Jólahúsdagur	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M Starfsdagur
11 M Endurmenntun kennara	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M Stora upplestrarkeppnin	11 L	11 M	11 F
12 Þ Endurmenntun kennara	12 F Starfsdagur	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M Endurmenntun kennara	13 L	13 M Opn vika	13 F	13 L	13 Þ	13 F Slæmur hárdagur	13 F Nemendadagurinn	13 M	13 M	13 L
14 F Starfsdagur	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F Uppstigningadagur	14 S
15 F Starfsdagur	15 M	15 M	15 L	15 M Jólápmadagur	15 F Vítalsdagur	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 Þ Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 S Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	16 F Vítalsdagur	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 S	17 M Aðalfundur Foreldrafélags	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Sprengidagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lyðveldisdagurinn
18 M Starfsdagur	18 F	18 L	18 Þ Bokavika	18 F	18 S	18 M Gskudagur / VETRARFRÍ	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ Starfsdagur	19 F	19 S	19 M	19 F Litlu jólin	19 M	19 F VETRARFRÍ	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M Starfsdagur	20 L	20 M	20 F Arshátíð	20 L	20 Þ	20 F VETRARFRÍ	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F Skólaþing / víðtöl í 1.b	21 S	21 Þ	21 F Snakk- og blóðdagur	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F Kennsla hefst / víðtöl í 1.b	22 M Samr.pr. 10.b. Íslenska	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 L	23 Þ Samr.pr. 10.b. Enska	23 F	23 S	23 Þ Þorlaksmessa	23 F Þorndagurinn	23 M	23 M	23 F 7. bekkur í skólubúðum?	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L
24 S	24 M Samr.pr. 10.b. Stærðfræði	24 F VETRARFRÍ	24 M	24 M Aftangadagur jóla	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F Starfsdagur	24 S Hvítasunnudagur	24 M
25 M Kennsla hefst í 1.b	25 F Samr.pr. 4. og 7.b. Íslenska	25 L	25 Þ	25 F Jólادagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í hvítasunnu	25 F
26 Þ	26 F Samr.pr. 4. og 7.b. Stærðfræði	26 S	26 M	26 F Annar í jólum	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ Starfsdagur	26 F
27 M	27 L	27 M VETRARFRÍ	27 F	27 L	27 Þ	27 F Hvítur dagur	27 F Gulur dagur	27 M	27 M	27 L
28 F	28 S	28 Þ Bangsavika	28 F Rauður dagur	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F Vorhátíð	28 S
29 F Útivistardagur	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F Hálfleikakeppni		29 S Pámasunnudagur	29 M	29 F Grænn dagur	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F Appelsínugulur dagur Tannvemdardagurinn		30 M	30 F Blár dagur	30 L	30 Þ
31 S		31 F Bleikur dagur Hrekjávökuball		31 M Gamlársdagur	31 L		31 Þ		31 S	

Skólabyrjun í haust - Skólastarfi í haust hefist með skólaþingunni 21. ágúst. Við gerum ráð fyrir að senda fréttabréf með hagnýtum upplýsingum um skólabyrjunina, í tölvupósti til foreldra upp úr miðjum ágúst. Hér má sjá skóladagatal næsta skólaárs eins og það hefur verið afgreitt af skólaráði Naustaskóla og skólanefnd Akureyrarbæjar.